

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur

Haldin 2. nóvember 2011 kl 20:00 í Hópsskóla.

1. Mál Kosning fundarstjóra
Ingvar Þ. Gunnlaugsson formaður félagsins setur fundinn og stingur upp á Sveini Árnasyni sem fundarstjóra og er það samþykkt með lófaklappi.
2. Mál Skýrsla stjórnar
Ingvar les upp skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið skólaár. Skýrsla samþykkt.
3. Mál Lagabreytingar
Ingvar fjallar um tillögur að nýjum lögum félagsins. Fundargestir fá allir eintak af lögunum. Foreldrar taka vel í þá hugmynd að setja á árgjald félagsins sem sent verður út með gíróseðli og hætta þar með með kaffisölu á jólaföndri. Hugmynd um að láta 10. bekk hafa kaffisöluna sem fjáröflun. Tillögur ræddar og gerðar breytingar þar sem við á. Björg Guðmundsdóttir sér um að færa inn breytingar. Rætt um bekkjafulltrúa og hlutverk þeirra. Það þarf að skýra betur hlutverk þeirra. Hugmynd um að fulltrúar foreldrafélagsins fari inn á haustfundi bekkjadeilda til að kynna starfssemi félagsins og hlutverk bekkjafulltrúa.

Björg les upp breytingar á þeim greinum sem fundargestum fannst þurfa að breyta eða laga orðalag.

Breytingar á lögum samþykktar með handaupplyftingu. Allir samþykkir enginn á móti. Ný lög félagsins verða birt á heimasíðu skólans.

4. Mál

Sigurður Kristmundsson les upp reikninga félagsins.
Reikningar samþykktir samhljóða.

5. Mál Stjórnarkjör

Þrjár ganga úr stjórn að þessu sinni, þær Sæborg Reynisdóttir, Mínerva Gísladóttir og Björg Guðmundsdóttir. Þrjár konur gefa kost á sér í stjórn þær Alda Agnes Gyldfadóttir, Ása Sif Arnarsdóttir og Þórunn Alda. Enginn býður sig fram á móti þeim á fundinum og eru breytingarnar samþykktar samhljóða.

6. Mál Skoðunarmenn reikninga

Bylgja Kristín Héðinsdóttir og Hjörtur Waltersson gefa kost á sér til að endurskoða reikninga. Samþykkt samhljóða.

7. Mál Önnur Mál

- Rætt um að athuga hvort hægt sé að fara í samstarf við Skógræktarfélagið um að fá efnivið til jólaföndurs. Börnin í skólanum gætu þá unnið viðinn sem yrði svo notaður til að föndra á jólaföndri foreldrafélagsins. Stjórn félagsins ætlar að athuga hvort ekki megi útfæra hugmyndina og koma henni áfram til stjórnenda skólans.

- Rætt um skólaráð.

- Rætt um hlutverk félagsins. Hvort félagið eigi að vera að kaupa hluti fyrir skólann eða á það að stuðla að fræðslu fyrir foreldra og börn og afþreyingu fyrir börnin eins og verið hefur síðastliðið ár eins og t.d. leikhús í skólann. Skólastjórinn hefur komið með tilmæli um það að félagið stuðli að fræðslu fyrir

foreldra og börn. Við eigum að hlúa að foreldrum og börnum í stað þess að vera að kaupa hluti fyrir skólann sem bæjarfélagið eigi að sjá um að kaupa. Skiptar skoðanir um þessi mál.

- Rætt um foreldrarölt. Fundargestir jákvæðir gagnvart því. Rætt um samfélagslegan ávinning af því að taka þátt í svona verkefni.

- Hugmynd um að foreldrafélagið komi á fundi fyrir foreldra þar sem kynnt væri uppbyggingarstefnan og eineltisáætlun skólans.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl 21:40

Sæborg ritaði.